

## 1992 nr. 60 1. júní

### Lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur

#### I. kafli. Um Náttúrufræðistofnun Íslands.

■ **1. gr.** Lög þessi fjalla um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur með ríkisaðild í kjördæmum, samræmingu á starfsemi þessara aðila og samvinnu um rannsóknir og fræðslu.

□ Ráðherra umhverfismála fer með þau málefni sem lögín taka til.

■ **2. gr.** Náttúrufræðistofnun Íslands er í eigu íslenska ríkisins.

□ Stofnunin getur byggst upp af allt að fimm setrum sem hvert um sig hefur sjálfstæðan fjárhag. Auk seturs í Reykjavík getur ráðherra heimilað eitt setur í hverjum landsfjórðungi að fenginni umsögn [forstjóra]<sup>1)</sup> stofnunarinnar og eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

<sup>1)</sup> L. 169/1998, 1. gr.

■ **3. gr.** [Ráðherra skipar forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verkswiði stofnunarinnar. Forstjóri ræður forstöðumenn setra og aðra starfsmenn stofnunarinnar.

□ Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar. Þá mótast hann stefnu hennar í samráði við forstöðumenn setra. Forstjóri samþykkir fjárhagsáætlanir setra og fylgist með fjárreiðum þeirra og ráðstöfun fjár. Fjármál einstakra setra eru að öðru leyti á ábyrgð forstöðumanna þeirra.

□ Forstjóri boðar árlega til fundar með starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar og forstöðumönnum náttúrustofa til að samræma starfseminu og greina frá niðurstöðum rannsókna.

□ Ráðherra setur í reglugerð<sup>1)</sup> nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra og forstöðumanna, svo og um aðsetur forstjóra á hverjum tíma.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 229/1993. <sup>2)</sup> L. 169/1998, 2. gr.

■ **4. gr.** Náttúrufræðistofnun Íslands stundar undirstöðu-rannsóknir í dýrafræði, grasfræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands. Hún varðveitir niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum er veiti sem best yfirlit um náttúru landsins.

□ Aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar eru:

- a. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands,
- b. að varðveita náttúrugripi, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru,
- c. að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda,

d. að styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmíðla og almennings,

e. að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna,

f. að vinna að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla í samvinnu við embætti veiðistjóra,

g. að sjá um fuglamerkingar og hefur Náttúrufræðistofnun ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi,

h. að greina frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum og lýsa meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu,

[i. að skrá berg- og jarðgrunna landsins með kerfisbundnu um hætti og vinna að flokkun námasvæða eftir efni, magni, aðgengi, gæðum og verndargildi. Við mat á verndargildi skal Náttúrufræðistofnun hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 169/1998, 3. gr.

■ **5. gr.** Berist um það ósk er Náttúrufræðistofnun heimilt að framkvæma gegn greiðslu rannsóknir sem falla undir 4. gr.

□ Stofnunin er óháð hagsmunatengdum aðilum og þiggur ekki af þeim framlög eða gjafir. Henni er heimilt að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum sem ekki eru hagsmunatengdir henni. Rísi ágreiningur um hvort aðili er hagsmunatengdur stofnuninni eða ekki sker ráðherra úr.

■ **6. gr.** Náttúrufræðistofnun skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfssvið hennar. Skýrslur íslenskra og erlendra vísindamanna um rannsóknir á náttúru landsins skulu varðveittar í heimildasafni Náttúrufræðistofnunar.

□ Skýlt er Náttúrufræðistofnun að varðveita vísindalegar upplýsingar og niðurstöður rannsókna í aðgengilegu formi og veita aðgang að þeim samkvæmt nánari reglum.

□ Grunnöggn um íslenska náttúru í vörslu stofnunarinnar, svo sem um fuglamerkingar og endurheimtur, upplýsingar um dreifingu plantna og dýra, sem og skrásett safnaeintök, skulu vera aðgengileg vísindamönnum til frekari rannsókna og flokkuð á samræmdan hátt.

□ Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða samkvæmt þessari grein að fengnum tillögum [forstjóra].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 169/1998, 4. gr.

■ **7. gr.** Setur Náttúrufræðistofnunar Íslands geta verið deildaskipt. Deildarstjórar og sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands skulu hafa lokið háskólaprófum á hlutaðeigandi fræðasviði eða vera að öðru leyti viðurkenndir fræðimenn á sérsviði sínu. Kveða skal á um starfsskyldur þeirra í reglugerð.<sup>1)</sup> . . .<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 229/1993. <sup>2)</sup> L. 169/1998, 5. gr.

■ **8. gr.** Náttúrufræðistofnun Íslands getur með leyfi ráðherra gerst aðili að sýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu. Hún aðstoðar við gerð sýninga og henni er heimilt að lána til þeirra gripi úr söfnum setranna um lengri eða skemmri tíma.

#### II. kafli. Náttúrustofur.

■ **9. gr.** Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi. Slíkar náttúrustofur starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 3. gr. Starfsemi náttúrustofu getur verið á fleiri en einum stað í kjördæmi eftir skipulagi sem rekstraraðilar koma sér saman um. Heimilt er kjördæmum að sameinast um eina náttúrustofu.

■ **10. gr.** Héraðsnefndir, sveitarfélög og aðrir heimaaðilar geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggja fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Nú starfar náttúrustofa í leiguhúsnæði og

fer þá með sama hætti um greiðslu kostnaðar. Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar er bundið því skilyrði að þær eignir, er til stofnkostnaðar teljast, séu einvörðungu nýttar í þágu náttúrustofu nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

■ **11. gr.** Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

a. að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufer og stuðla að almennum náttúruvísunum, einkum í viðkomandi landshluta,

b. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál,

c. að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

□ Heimilt er náttúrustofu að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

■ **12. gr.** Stjórn náttúrustofu með ríkisaðild skipa þrír menn. Eigendur í héraði tilnefna tvo stjórnarmenn en ráðherra einn og er hann formaður. Varastjórn skal skipuð á sama hátt. Starfstími stjórnar er milli almennra sveitarstjórnarkosninga.

□ Standi fleiri en eitt kjördæmi að náttúrustofu tilnefni hvert kjördæmi tvo menn í stjórn og ráðherra formann stjórnar. Um skiptingu kostnaðar vegna starfa stjórnar skal kveðið á í reglugerð.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 229/1993. Rg. 385/1994. Rg. 643/1995. Rg. 512/1997. Rg. 96/1998.

■ **13. gr.** Stjórn náttúrustofu ræður forstöðumann, fjallar um árlega fjárhagsáætlun fyrir stofuna og fylgist með fjárhag hennar og starfsemi.

■ **14. gr.** Forstöðumaður náttúrustofu skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða þekkingu sem meta má til jafns við það. Hann er í fyrirsvari fyrir stofuna í heild, stjórnar daglegum rekstri hennar og ræður að henni annað starfslið með samþykki stjórnar, eftir því sem fé er veitt til hverju sinni.

### III. kafli. Almenn ákvæði.

■ **15. gr.** Náttúrufræðingum og aðstoðarmönnum þeirra, sem stunda almennar náttúruvísunir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna á vegum hins opinbera, skal frjálts för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

□ Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugrip sem fématir eru fyrir landeiganda eða aðra réttihafa lands.

□ Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti sem áður voru ókunn og ber þá rannsakanda að tilkynna það réttihafa þess lands þar sem verðmætin eru.

□ Náttúrugripur má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni. [Sama á við um örverur sem eiga uppruna sinn á jarðhitasvæðum og erfðaeftirri.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 169/1998, 6. gr.

■ **16. gr.** Ráðherra getur með reglugerð<sup>1)</sup> sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa með ríkisaðild.

<sup>1)</sup> Rg. 229/1993. Rg. 385/1994. Rg. 643/1995. Rg. 512/1997. Rg. 96/1998.

■ **17. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

□ . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. þessara laga skal stofnað setur Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri eigi síðar en í ársbyrjun 1993. Jafnframt skal að því unnið í samvinnu við heimamenn að koma á fót náttúrustofu á Austurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1994 og á Suðurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1995.